

Starfsreglur endurskoðunarnefndar Borgunar

1. Samsetning

Stjórn Borgunar skipar endurskoðunarnefnd („nefndin“) í samræmi við ákvæði IX. Kafla A í ársreikningalögum nr. 3/2006. Nefndin, sem er undirnefnd stjórnar, skal skipuð þremur mönnum hið minnsta eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum félagsins og meirihluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess¹. Auk þess skal einn nefndarmanna, sem bæði er óháður daglegum stjórnendum og félaginu, vera óháður stórum hluthöfum félagsins. Framkvæmdastjóri félagsins skal ekki eiga sæti í nefndinni. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og skal að minnsta kosti einn nefndarmanna hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar.

Samsetning

Stjórn skal kjósa eða tilnefna formann, sem hefur vald til að koma fram fyrir hönd nefndarinnar á milli funda.

Formaður

Nefndin skal halda ársfjórðungslega fundi og aukafundi eftir því sem þörf er á til að uppfylla starfsskyldur nefndarinnar. Fundir geta verið í formi síma- eða fjarfunda ef þörf er á. Fundir eru ákvörðunarbærir ef meirihluti nefndarmanna er mættur.

Ársfjórðungslegir fundir

Nefndin setur sér starfsáætlun í upphafi hvers starfsárs þar sem fram koma helstu efnisatriði til að tryggja að starfsskyldur nefndarinnar séu uppfylltar. Áætlunin er ætluð til að auðvelda skipulag funda, en getur tekið breytingum eftir því sem þörf er á til að tryggja tímanlega umfjöllun um mikilvæg mál á starfssviði nefndarinnar.

Starfsáætlun

Nefndin skipar ritara nefndarinnar. Nefndarmenn og ritari skulu undirrita fundargerðir. Hafi nefndarmaður verið fjarstaddur skal hann með áritun sinni á fundargerð staðfesta að hann hafi kynnt sér efni hennar.

Ritari

2. Heimildir endurskoðunarnefndar

2.1 Nefndinni er veitt heimild til að afla faglegrar og óháðrar ráðgjafar sem hún telur nauðsynlega til að sinna sínu hlutverki.

Heimildir

Ótakmörkuð heimild til að leita til ráðgjafa

¹ Með óháðri er átt við að ekki séu til staðar einhver þau tengsl sem eru til þess fallin að vekja efa um hjá vel upplýstum þriðja aðila um óháðri, svo sem atvinnutengsl, bein eða óbein fjárhagsleg tengsl eða viðskiptatengsl önnur en leiðir af störfum viðkomandi sem stjórnarmanns og/eða nefndarmanns í endurskoðunarnefnd.

Slíkt skal tilkynnast formanni stjórnar með formlegum hætti.

- 2.2 Nefndin getur leitað til einstakra starfsmanna og fengið upplýsingar sem hún óskar eftir. Hún hefur einnig ótakmarkaðan aðgang að upplýsingum sem hún telur nauðsynlegar til að sinna hlutverki sínu.

Aðgangur að starfsmönnum og upplýsingum

3. Hlutverk og ábyrgðarsvið

Hlutverk

Ábyrgðarsvið endurskoðunarnefndar er eftirfarandi:

- 3.1 Hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila. Fara árlega yfir ársreikninga félagsins með stjórnarformanni, framkvæmdastjóra, fjármálastjóra og ytri endurskoðanda. Fara yfir meiriháttar álitaefni varðandi bókhald og fjárhagsuppgjör, þ.m.t. flókin eða óvenjuleg viðskipti og verulega matskennda þætti, auk álitsgerða fagaðila og eftirlitsstofnana og skilja áhrif þeirra á fjárhagsuppgjör. Eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti skal lögmaður félagsins upplýsa nefndina um lagaleg málefni sem kunna að hafa veruleg áhrif á fjárhagsuppgjör.
- 3.2 Hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits félagsins, innri endurskoðun og áhættustýringu. Meta ásamt ytri endurskoðanda, innri endurskoðanda félagsins og fjármálastjóra skilvirkni og áreiðanleika innra eftirlits, þ.m.t. eftirlits með upplýsingakerfum, bókhaldi og fjárreiðum félagsins, og koma með tillögur til úrbóta á viðkomandi eftirlitsþáttum eða sviðum þar sem ráðlegt er að taka upp nýja eða nákvæmari eftirlitsþætti. Fylgja eftir úrbótum á annmörkum innra eftirlits sem kunna að koma fram.
- 3.3 Hafa eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðu-reiknings félagsins. Fara yfir umfang og aðferðir sem notaðar verða í endurskoðuninni með ytri endurskoðanda og stjórnendum fyrirtækisins. Endurskoðunarnefndin skal vera ráðgefandi gagnvart umfangi innri endurskoðunar.
- 3.4 Meta óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og hafa eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis. Í því sambandi skal ytri endurskoðandi staðfesta með formlegum hætti að hvorki hann, né aðrir starfsmenn hans er að félaginu koma, hafi hvorki fjárhagslega

Eftirlitsþættir í bókhaldi og reikningsskilum

Innra eftirlit, innri endurskoðun og áhættustýring

Eftirlit með endurskoðun ársreiknings

Hafa eftirlit með óhæði ytri endurskoðanda

- hagsmuni tengda félaginu, eða tengdum félögum, né hafi innt af hendi þau störf fyrir félagið, eða tengd félög, sem getur haft áhrif á óhæði eða faglega dómgreind hans.
- 3.5 Eiga fund með ytri endurskoðanda þar sem metin eru hvers konar tengsl eða þjónusta sem gætu haft áhrif á óhlutdrægni og óhæði ytri endurskoðanda. **Óhæði ytri endurskoðanda**
- 3.6 Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki. Tillaga stjórnar um tilnefningu endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis skal byggjast á tilmælum frá endurskoðunarnefndinni. **Velja, meta og tilnefna endurskoðanda**
- 3.7 Setja fram tillögu til stjórnar um val á innri endurskoðanda. **Tillaga um val á innri endurskoðanda**
- 3.8 Yfirfara með innri endurskoðanda erindisbréf hans og/eða þjónustusamning um innri endurskoðun og senda stjórn til samþykktar. Slík yfirferð skal fara fram eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. **Erindisbréf eða þjónustusamningur vegna innri endurskoðunar**
- 3.9 Tryggja að engar óeðlilegar hömlur eða skorður séu settar varðandi umfang innri endurskoðunar, aðgang að upplýsingum og aðstæðum til að sinna starfsskyldum sínum á fullnægjandi hátt. **Óeðlilegar hömlur á starfsemi innri endurskoðunar**
- 3.10 Yfirfara skilvirkni eftirlits með samkvæmni við lög og reglur og niðurstöður athugana og eftirfylgni stjórnenda (þ.m.t. viðurlög sem gripið er til) komi til fráviks. **Samkvæmni við lög og reglur**
- 3.11 Yfirfara niðurstöður úttekta eftirlitsaðila. Yfirfara skýrslur innri endurskoðanda þar með talið skýrslu um upplýsingakerfi sem skylt er að skila til Fjármálaeftirlits. Ársfjórðungslega skal farið yfir stöðu ábendinga innri endurskoðanda. Yfirfara skal skýrslur og athugasemdir innri ytri endurskoðanda. **Yfirferð niðurstaðna innri og ytri endurskoðunar**
- 3.12 Ytri endurskoðendur ættu að ræða öll þau mál sem þeir telja ástæðu til við nefndina varðandi vandamál eða ágreining sem kemur upp í tengslum við endurskoðunarvinnuna. Ytri endurskoðendur og innri endurskoðandi skulu vera boðaðir á stjórnarfundi þar sem fjárhagsuppgjör eru kynnt og undirrituð. **Yfirferð á ársreikningi og hálfársuppgjöri**
- 3.13 Halda lokaða fundi með innri endurskoðanda, ytri **Fundir með aðilum**

endurskoðanda eða stjórn til þess að ræða sérhver þau mál sem fyrrgreindir aðilar telja þörf á að ræða í einrúmi við endurskoðunarnefndina.

- 3.14 Fara yfir og endurmeta árlega hvort reglur nefndarinnar séu **Reglur yfirfarnar** fullnægjandi.
- 3.15 Stjórnin getur sent nefndinni hvert það mál til nánari skoðunar eða eftirfylgni sem varðar fjárhagslega stöðu fyrirtækisins, innra eftirlit, áhættustýringu eða samkvæmni við lög, reglur og reglugerðir. Nefndin getur einnig átt frumkvæði að nánari skoðun eða eftirfylgni í hverjum þeim málum sem hún telur nauðsynlegt að framkvæma. **Önnur mál frá stjórninni**
- 3.16 Koma með tillögur til stjórnar vegna mála innan verksviðs nefndarinnar sem hún hefur orðið áskynja um og nefndin telur að gefi tilefni til umfjöllunar stjórnar. **Tillögur**

4. Takmarkanir

Endurskoðunarnefnd ber ábyrgð á þeim skyldum sem koma fram í reglum þessum en ber ekki ábyrgð á reikningsskilum eða endurskoðun ársreiknings. Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu reikningsskila félagsins. Stjórn félagsins ber hina endanlegu ábyrgð á því að fullnægjandi og skilvirkt innra eftirlit sé ávallt til staðar.

Takmarkanir

Endurskoðunarnefnd ber ekki ábyrgð á reikningsskilum eða endurskoðun ársreiknings.

Reykjavík, 22. september 2016.

Björg Sigurðardóttir
Óskar J.S.
Guðni K.